

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/08

frá 5. júlí 1999

um þriðju breytingu á ákvörðun 93/74/EBE um viðurkenningu Danmerkur með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríublóðeitrunar(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 1854)

(1999/489/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB⁽²⁾, einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/74/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 96/218/EB ⁽⁴⁾, öðlaðist Danmörk stöðu viðurkennds meginlands- og strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og að hluta til stöðu viðurkennds meginlands- og strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til bakteríublóðeitrunar [veirublóðeitrunar] (VHS).
- 2) Danmörk lagði fyrir framkvæmdastjórnina vitnisburð því til stuðnings að vikka út viðurkennda svæðið með tilliti til veirublóðeitrunar.

- 3) Athugun á þessum vitnisburði hefur leitt í ljós að óhætt er að vikka út viðurkennda svæðið, þegar um veirublóðeitrun er að ræða, þannig að það taki til þeirra vatnsöflunar- og strandsvæða sem Danmörk gerir tillögu um, einkum Karpur Á, Fiskbæk Á, Gudenåen, Halkær Á, Storåen og Århus Á.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 93/74/EBE.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 190, 23.7.1999, bls. 41, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 27, 4.2.1993, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 72, 21.3.1996, bls. 39.

VIÐAUKI

Hansted Å	Lønnerup med tillob
Hovmølle Å	Slette Å
Grenå	Bredkær Bæk
Treå	Vandløb til Kilen
Alling Å	Resenkær Å
Kastbjerg	Klostermølle Å
Villestrup Å	Hvidbjerg Å
Korup Å	Knidals Å
Sæby Å	Spang Å
Elling Å	Simsted Å
Uggerby Å	Skals Å
Lindborg Å	Jordbro Å
Oster Å	Fåremølle Å
Hasseris Å	Flynder Å
Binderup Å	Damhus Å
Vidkær Å	Karup Å
Dybvad Å	Fiskbæk Å
Bjørnsholm Å	Gudenåen
Trend Å	Halkær Å
Lerkenfeld Å	Storåen
Vester Å	Århus Å
